

## Klettaskóli

Til : Magnús Baldursson  
Frá : Halldor.Gretar.Gunnarsson@reykjavik.is  
Heiti : Klettaskóli  
Málsnúmer : 1401676  
Málsaðili : Hafnarfjarðarkaupstaður  
Skráð dags : 15.01.2014 12:08:58  
Höfundur : Halldor.Gretar.Gunnarsson@reykjavik.is

### Til:

**Fræðsluráð Hafnarfjarðar.**

### Erindi :

**Umsókn um stuðning til kaupa á iPad-spjaldtölvum fyrir Klettaskóla .**

Klettaskóli er sérskóli á grunnskólastigi sem þjónar nemendum með þroskahömlun og fjölfötun í 1. til 10. bekk af öllu landinu. Skólinn tók til starfa árið 2011 og leysti þá af hólmi sérskólana Safamýrar- og Öskjuhlíðarskóla. Reykjavíkurborg rekur skólann en flestir nemendur skólans eru búsettir í Reykjavík og nágrannasveitarfélögum. Skólagöngu nemenda sem búsettir eru utan Reykjavíkur fjármagna heimasveitarfélög nemendanna. Skólaárið 2013-2014 eru 109 nemendur í námi við Klettaskóla

**Af þessum 109 nemendum eru 14 nemendur úr Hafnafirði .**

Vegna fjárskorts hefur Klettaskóla gengið hægt að eignast nægilega margar iPad- spjaldtölvur til að nýta ríkulega nútímataekni í kennslu nemenda og útfæra þá stefnu að nemendur skólans geti unnið með og nýtt sér þá tækni sem nútímasamfélag býður upp á í dag. Stefna skólans er að bjóða öllum nemendum upp á afnot af iPad-spjaldtölvum í námi sínu við skólann. Til er ótrúlegt úrval forrita og svokallaðra „appa“ til að vinna með í námi nemenda og örva, fræða, veita ánægju, auka þroska og leikni nemenda. Nefna má að skjár iPad-spjaldtölvu er mjög næmur fyrir sneringu og því eiga nemendur með mikla hreyfihömlun tiltölulega auðvelt með að stjórna iPad og eiga með iPad möguleika á að stjórna, leika, læra, skapa og tjá sig í ríkara mæli en áður. Að nemendur geti lært á og nýtt sér slíka tækni í skólanum er mikill fjársjóður inn í þeirra framtíð.

Nemendur skólans eru margir og kostnaðarsamt að eignast nægilega margar iPad-spjaldtölvur til að hægt sé að koma til móts við alla nemendur. Því höfum við ákveðið að leita aðstoðar hjá góðgerðarfélögum eins og ykkar um aðstoð við kaup á slíkum búnaði .

Skólinn er með samning við iStore Íslandi um afsláttarkjör til þeirra er vilja styrkja okkur.

Eins og fyrr segir eru 14 börn úr Hafnafirði þetta skólaárið og munar um alla þá aðstoð sem við getum fengið til að skila þessum einstaklingum sem best út í lífið.

Með þökk og von um góðar móttökur .

**Halldór G Gunnarsson**

**Umsjónarmaður**

**Klettaskóla**

**Suðurhlíð 9**

---

**Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>**

**Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á bádgar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.**